

# ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA ÍSLENSKU

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

**FRÆÐSLUAÐILI:** AUSTURBRÚ

**ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS:** 19/5/2022

**FORGANGSSVIÐ:** PRÓUN STARFSTENGDS TUNGUMÁLASTUÐNINGS Í FRAMHALDSFRÆÐSLU.

---

## HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKÞEGA

Það er leikur að LÆRA íslensku. Austurbrú.

---

## UM VERKEFNIÐ

Áætlað er að gera gagnvirkt námsefni/tölvuleik sem verður í senn námskrá, kennslutæki og námsleikur fyrir nemendur í íslensku fyrir útlendinga með áherslu á atvinnulíf og samfélagsfræðslu.

---

## MARKMIÐ VERKEFNIS

Markmiðið er að gera gagnvirkt námsefni/tölvuleik í íslensku fyrir útlendinga sem:

- býður upp á fjölbreytt og aðlaðandi kennsluefni í íslensku fyrir útlendinga
- tengir námsefni við atvinnulífið
- gerir samfélagsfræðslu að skilgreindum námsþætti
- býður upp á endurgjöf í rauntíma
- verður þægilegt og aðgengilegt í uppfærslu

---

## HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSAÐILAR?

Verkefnið verður 30 eininga lokaverkefni við vefþróun við Tækniakademína. Markmiðið er að nemendur fullvinni vöru í samvinnu við fagaðila sem eru auk Austurbrúar, hugbúnaðarfyrirtækið Austurnet sem aðstoðar við forritun og Fiskvinnslufyrirtækið Búlandstindur á Djúpvavogi þar sem starfsmenn prófa og taka þátt í þróun leiksins.

---

## HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Leikurinn verður þörf viðbót við námsefni sem er í boði og kemur til móts við fjölbreyttari hóp innflytjenda sem gerir þeim kleift að komast fyrr inn í íslenskt málumhverfi og samfélag. Með því móti nýtast hæfileikar þeirra betur við leik og störf sem kemur sér vel fyrir fyrirtæki og stofnanir.

---

## HVERJAR VERÐA LOKAAFURÐIR VERKEFNISINS?

Fyrsta þrep verður tilbúið að ári en áætlað er að heildarverkefninu, Það er LEIKUR að læra íslensku, gulur, rauður, grænn og blár, verði lokið árið 2023. Þá eiga einnig að liggja fyrir niðurstöður úr reglulegum könnunum og prófunum sem lagðar verða fyrir nemendur til að meta framgang verkefnisins.